

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 286/1991. **Óskar Mikaelsson**

gegn

Birni Emilssyni og**sýslumanninum í Reykjavík.**

Kærumál. Uppboð. Lausafé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1991. Áfrýjað var nauðungaruppboði, er fram fór 8. júní 1991 í uppboðsrétti Reykjavíkur. Var þar að kröfu varnaraðila seldur tölvubúnaður, er sóknaraðili hafði átt. Málið sætir nú kærumálsmeðferð fyrir Hæstarétti samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að uppboðið verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili heldur því fram í fyrsta lagi, að krafa varnaraðila á hendur sér hafi á uppboðsdegi verið að fullu greidd. Hefur hann lagt fram útreikninga, er hann telur styðja þessa fullyrðingu. Ekki verður talið, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að kröfur varnaraðila hafi, er uppboðið fór fram, verið að fullu greiddar.

Í öðru lagi kveður sóknaraðili, að uppboðsbeiðni sé í engu samræmi við uppboðsheimildir beiðandans. Telur hann þetta eiga að leiða til þess, að uppboðs verði synjað. Uppboðsbeiðni varnaraðila var nægilega skýr. Er þar krafist uppboðs til lúkningar skuld, að höfuðstól 300.000 krónur, auk vaxta og kostnaðar, sem sundurliðaður er. Fjárnámssgerðir þær, sem uppboðsbeiðnin styðst við, eru samanlagt til lúkningar þessari fjárhæð höfuðstóls auk vaxta og kostnaðar. Tilgreining fleiri kostnaðarliða í uppboðsbeiðni en með réttu ættu að greiðast af uppboðsandvirði leiðir ekki ein sér til ómerkingar uppboðs. Auk þessa gagnrýndi sóknaraðili, hvernig greint var í beiðninni frá greiðslum inn á uppboðskröfuna. Um

þetta hefur hann átt kost á að leggja fram útreikninga, eins og fyrr greinir.

Enn kveðst sóknaraðili ekki hafa fengið tilkynningu um uppboðið frá uppboðshaldara. Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík var sóknaraðila tilkynnt á tíðkanlegan hátt um fyrirhugað uppboð. Þá kemur fram í gögnum málsins, að sóknaraðili annaðist um, að tekin væru afrit af hugbúnaði og gögnum, er geymd voru í tölvunni. Verður talið, að nægilega sé í ljós leitt, að sóknaraðila hafi verið kunnugt tímanlega um fyrirhugað nauðungaruppboð.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að seldur hafi verið án heimildar hugbúnaður, en uppboðsheimildir hafi ekki náð til hans. Til grundvallar uppboði lágu tvær aðfarargerðir, þar sem aðför var gerð í „IBM-tölvukerfi, sem samanstendur af aðalstöð og þrem útstöðvum“. Í uppboðsbók var bókuð sala á „Tölvukerfi m. m.“ Gögn málsins bera ekki með sér, að hugbúnaður hafi verið seldur.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 57/1949 var eigi skylt að skrá í uppboðsbók, hver keypti lausafé á uppboði, ef greitt var við hamarshögg. Ómerking uppboðsins verður því ekki á þessu byggð, svo sem sóknaraðili heldur fram.

Loks byggir sóknaraðili á því, að í fyrrgreindum aðfarargerðum hafi verið lýst yfir lögtaki. Af endurriti gerðanna er þó ljóst, að krafist var fjárnáms, og síðar í bókunum er fjallað um hið fjárnumda. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt yfirlýsing sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem segir, að ritvilla sé í endurriti. Í fógetabók sé skráð, að gert hafi verið fjárnám. Ritvilla sem þessi veldur ekki ógildi gerðanna.

Samkvæmt framansögðu verða ekki taldir neinir þeir ágallar á hinni áfrýjuðu uppboðsgerð, að ógildingu valdi. Ber því að staðfesta hana og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Óskar Mikaelsson, greiði varnaraðila, Birni Emilssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.